

Kollafjörður á Ströndum

Rannsókn vegna fyrirhugaðs vegstæðis

Magnús A. Sigurðsson



8

Kollafjörður á Ströndum

Rannsókn vegna fyrirhugaðs vegstæðis

Magnús A. Sigurðsson



Ljósmynd á forsíðu: Mynd 1: Horft yfir uppgraftarsvæðið.
Kollafjörður á Ströndum

© 2000 Þjóðminjasafn Íslands / Magnús A. Sigurðsson
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

Efnisyfirlit

Contents

Aðdragandi	5
Ritheimildir	5
Rannsókn 11. - 21. september 2000	6
Garður	8
Niðurstöður	10
Heimildir	11

Kollafjörður á Ströndum

Rannsókn vegna fyrirhugaðs vegstæðis

Aðdragandi

Vegna breytinga á vegstæði á um 6 kílómetra kafla í norðanverðum Kollafirði á Ströndum var farið fram á það við Þjóðminjasafn Íslands að það athugaði um fornleifar á viðkomandi svæði.



Mynd 2. Afstöðuteikning af Kollafirði.

Þann 18. ágúst 2000 fór undirritaður ásamt fornleifafræðingunum Daniel Rhodes og Eavan O'Dochartaigh á staðinn til að athuga tvær rústir sem Vegagerðin á Hólmavík benti okkur á. Við rissuðum, mældum og tókum stafrænar myndir að rústunum og sendum Þjóðminjasafninu til umsagnar. Niðurstaðan varð sú að önnur rústin færi undir vegstæðið og því bæri að rannsaka hana en hún stendur í landi eyðibýlsins Hlíðar við hæl vegagerðarinnar nr. 3740, tæpan kílómetra vestan við bæjarstæðið.

Í kjölfar þessarar niðurstöðu fór Vegagerðin á Ísafirði þess á leit við Þjóðminjasafn Íslands að það tæki að sér að rannsaka viðkomandi rúst. Fór undirritaður aftur ásamt fornleifafræðing-

unum Daniel Rhodes og Eavan O'Dochartaigh á staðinn þann 11. september og var dvalist við rannsóknir fram til 21. september 2000.

Ritheimildir

Í Landnámu er því lýst að maður að nafni Kolli nam Kollafjörð og bjó undir Felli¹, líklegast í botni fjarðarins, en ekki er minnst á Hlíð.

Elstu heimildir sem fundust um bæinn Hlíð eru á tveim stöðum í Jarðarbréfum frá 16. og 17. öld. Þann 21. febrúar 1642, selur Guðmundur Jónsson Birni Bjarnasyni 10 hundruð í jörðinni Hlíð, en hún er 16 hundruð að dýrleika,² og þann 20. september 1687 selur Árni prestur Loftsson Arngrími Jónsyni „alla jörðina Hlíð í Kollafirði og Fellskirkjusókn...“, 16 hndr. að dýrleika.³

Einnig er Hlíð lýst í Jarðabók Árna Magnússonar. Ábúendur virðast hafa verið tveir, Snorri Teitsson á tveim þriðjungum og Ólafur Snorrason á einum þriðjungum. Reki er lítill og sjaldan, hrognkelsi að mestu gengin og „Heimræði hefur verið þegar fiskur hefur gengið, en mikið láng-ræði.“⁴

Í Sóknarlýsingum Vestfjarða segist síra Bjarni Hjálmarsson ekki vita til að neinar fornleifar hafi fundist í Tröllatungu- og Fellssókn og „Til engra fornleifa veit ég hér í sókninni.“⁵

Í Árbók Ferðafélagsins um Strandasýslu er Kollafirði lýst sem stysta firði sýslunnar með þrönga og vandrataða innsiglingu sem eigi sé fær nema smáskipum.⁶

1 Landnámabók Íslands, 1948: 180.


2 Jarðarbréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, 1993: 105.

3 Jarðarbréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, 1993: 83.

4 Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1940: 414-415.

5 Bjarni Hjálmarsson, 1952: 273.

6 Jóhann Hjaltason, 1952: 46-47.



Mynd 3. Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæðinu. Teikn. Daniel Rhodes.

Rannsókn 11. - 21. september 2000

Pegar komið var á staðinn var ákveðið að skipta rústinni í þrennt eftir herbergjum og nefna þau A, B, og C. Byrjað var á því á að hreinsa ofan af norðaustur herberginu, C, þar sem það er minnst og gæti gefið góða vísbendingu um við hverju er að búast. Augljóst er að of mikið og tímafrekt verk er að hreinsa ofan af allri rústinni þar sem jarðvegslagið yfir henni er það þykkt, þannig að við skiptum henni í tvennt.

Einbeittum við okkur að neðri hluta rústanna, þar sem hleðslur voru greinilegar.

Um ½ metra þykkt jarðlag var ofan á hleðslunum sem voru miklar og greinilegar, jafnvel á yfirborði.

Hreinsað var ofan af C svo veggir komu vel í ljós. Herbergi C er minna en A og B, eða um 3,7 x 2 metrar, svo við hreinsuðum ofanaf því öllu. Engar mannvistarleifar komu í ljós svo ákveðið var að grafa niður í óhreyft, þeim megin sem herbergi C tengist B.

Kom í ljós að hleðslunnar náðu ansi djúpt en ekkert gólflag kom í ljós en teiknað var snið þvert upp í gegnum C.

Kom það nokkuð á óvart hvað rústin virtist „hrein“, þ. e. ekki varð vart við mannvistarleifar, muni, kol, bein eða ösku. Í sniðinu komu heldur engin mannvistarlög í ljós.

Snið 1.

- Lag 1 Yfirborð
- Lag 2 Mold. Brún, leirkennd með miklu af rötum.
- Lag 3 Brún mold. Rauðbrún og gráleit mold.
- Lag 4 Grátt lag. Grábrúnn og svartur jarðvegur, leirkenndur, laus í sér.
- Lag 5 Grábrúnt lag. Þétt og blandað mól.
- Lag 6 Ljósbrúnt lag. Leirkennt, blandað smárrí mól.
- Lag 7 Dökkbrúnt lag. Frekar þétt í sér og leirkennt, líkt lagi 9, 10 og 13.
- Lag 8 Sama og lag 3.
- Lag 9 Dökkbrúnt lag, sama lag og 7.
- Lag 10 Dökkbrúnt lag, sama lag og 7 og 9.
- Lag 11 Rauðbrúnt lag, leirkennt og blandað mól
- Lag 12 Sama lag og 8 og 3.
- Lag 13 Dökkbrúnt lag, sama lag og 7, 9 og 10.

Allt eru þetta frekar einsleit lög, virðast vera náttúruleg og fylgja hallanum á hlíðinni. Það er einna helst lög 4 og 5 sem gætu verið leifar af gólfi, en þau ná undir vegghleðslurnar og útfyrir svo líklega eru þau náttúruleg.


Einsog sést á sniðinu þá eru engar mannvistarleifar fyrir utan hleðslurnar, en þær ná nokkuð djúpt. Neðsta hleðslulagið er grafið niður í lag 2, sem einnig liggur við NV vegg herbergisins.



Mynd 4. Herbergi C. Horft frá austurgafli til vesturs.



Mynd 5. Vesturhluti C. Hleðsla í ytri veggjarbrún er fremst á mynd. Innbrún norðvesturhorns er í baksýn.



Mynd 6. Snið 1. Teikn. Eavan O'Dochartaigh.

Næsta stig var að grafa ofan af herbergi B, sem er um 4,5 x 5,5 metra stórt. Kom þá fram gangur yfir í C, og útgangur úr B í SA átt, en vaninn við verbúðir var að láta dyr snúa í átt til sjávar.⁷

Miklar og greinilegar vegghleðslur komu í ljós. Veggirnir eru hlaðnir úr tiltölulega stóru grjóti, um 0,3-1 metra þykkir. Þeir eru að einhverju leyti grafnir inni hlíðina svo gólfhlöturinn er greinilegur, þó gólfög hafi ekki fundist. Það athygliverðasta voru hleðslur sem virðast vera hlaðnir bekkir meðfram veggjum. Það virðast vera bekkir meðfram suður og austur vegg að minnsta kosti tveggja herbergja, A og B, sem gefur til kynna að þetta sé verbúð. Það eru greinilegir svefnbekkir í herbergi A, um 0,5-0,8 metra breiðir, en herbergið sjálft er um 5 x 6 metra stórt. Einnig tel ég að sjá megi leifar af bekkjum í B. Það er erfitt að átta sig á hvað eru innri veggjabrúnir og hvað eru hlaðnir svefnbekkir, en í smáskurðunum sem við grófum í gegnum veggina í A og B sjást mörk veggjanna. Það er afturámóti erfiðara að átta sig á C, en líklegast er þetta innri veggja-brún, og herbergið þarafleiðandi búr eða geymsla.

Samkvæmt Lúðvík Kristjánssyni þá var lengd verbúða, „sem því svaraði að vinstra megin dyra kæmist fyrir eitt rúm, en hins vegar rúmlengd og rúmbreidd fyrir gaffli....“⁸

Samsvarar það herbergi B vel en því miður fund-

um við ekki inngangin í herbergi A þó vísbending sé um að hann sé við suðausturhornið. Einsog fyrr var sagt þá fundust engar mannvistarleifar né gólfög.

Snið 2.

Lag 1 Yfirborð

Lag 4 Grátt lag. Grábrúnn og svartur jarðvegur, leirkenndur, laus í sér.

Lag 5 Grábrúnt lag. Þétt og blandað möl.

Lag 6 Ljósbrúnt lag. Leirkennt blandað smárri möl.

Lag 15 Rauðbrúnt lag. Rauðbrúnn og svartur jarðvegur, þéttur, blandaður torfi og möl.

Fátt nýtt kom í ljós í þessu sniði nema hvað það virðist blandað torfi sem líklega er hrún úr veggjum. Einsog í fyrri sniðinu varð ekki vart við neinar mannvistarleifar

Sniðin gefa til kynna að aðeins hafi verið eitt byggingarskeið, en því miður fundust engin gjóskulög né mannvistarleifar. Þessvegna er ekkert sem gefur til kynna aldur rústarinnar.


Garður

Við rústina er stór og greinilegur garður sem liggur útfrá henni miðri. Óvíst er hvort hann er opin í einu horninu eða hvort þetta er eitthvert jarðrask. Þar sem við grófum ekki í garðin er erfitt að segja til um það, eða gerð garðsins.

Í samtali við Guðfinn Finnbogason, Miðhúsum, sem ólst upp í Hlíð, kom í ljós að þarna hafði

7 Lúðvík Kristjánsson 1982: 422.

8 Lúðvík Kristjánsson 1982: 422.



Mynd 7. Flatarteikning af rústinni. Teikn. Eavan O'Dochartaigh.



Mynd 8. Skýringarteikning af rústinni. Teikn. Eavan O'Dochartaigh

verið náttthagi sem virðist ekki tengdur rústinni því heimilsfólkið í Hlíð man eftir hleðslunum en hafði enga vitneskju um hvað hefði verið þarna. En náttthaginn var notaður þangað til Hlíð fór í eyði um 1950 og hefur verið haldið vel við. Staðhættir eru þannig í Kollafirði að ekki kemur á óvart að þarna hafi veirð náttthagi. Eina eiginlega flatlendið er í botni hans og beggja megin við mynni hans. Þar fyrir utan er örliðlir flatlendisskikar við eyðibýlið Hlíð og í nágrenni þess. Ágætis landing er neðan við túngarðinn en aðstæður hafa breyst mikið þarna vegna gamallar vegalagningar sem fylgir fjörunni.

Niðurstöður

Erfitt að gera sér grein fyrir hlutverki þessarar rústar þar sem hvorki fundust munir né mannvistarleifar til að styðjast við. Við það bætist að þarna eru engin gjóskulög svo aldursgreining er ekki til staðar.


Samt er margt hægt að lesa úr rústinni. Þetta hefur verið allmikil mannvirki þar sem þetta eru mjög veglegar hleðslur, en samt virðist rústin ekki hafa verið notuð mikið, það vantar allar leifar um búsetu. Það er frekar ólíklegt að þetta sé fjárhús þar sem ekkert gólflag fannst. Jafnvel

þótt gólfið hefði verið stungið út ættu að sjást einhver ummerki um það. Gardurinn virðist vera yngri og líklegast gerður þarna vegna skorts á flatlendisskikum.


Flest bendir til þess að þarna sé um verbúð að ræða. Í Jarðabók Árna Magnússonar er sagt að það sé heimræði frá bænum Hlíð, en mikið langræði. Hlíð stendur við miðjan Kollafjörð svo langt hefur verið að sækja sjóinn. Staðhættir eru þannig við fjörðinn að lítið er um láglandi beggja megin við hann. Búskapur hefur sjálfsgagt verið erfiður og heimræði því verið góð búbot. Allgóð landing er þarna fyrir neðan en nokkuð langt að fara niður í fjöru.

Sjálf rústin gefur einnig sterklega til kynna að um verbúð sé að ræða. Í tveim herbergjum virðast vera hlaðnir bekkir við suður- og austurveggi og stærð verbúðarinnar er í samræmi við það sem Lúðvík segir, þ. e. að stærð miðist við að hægt sé að koma fyrir rúmum meðfram veggjum. Í herbergi B er rúm einnig vinstra megin við inngang, sem snýr í átt til sjávar einsog venjan var. Þarna sést mjög skemmtilega hvernig svefnbökkir voru hlaðnir en þeir hafa síðan líklegast verið þakktir torfi.

Ef rétt er að þetta sé verbúð þá skýrir það að ein-



Mynd 9. Snið 2. Teikn. Eavan O'Dochartaigh.



Mynd 10. Yfirlitsteikning af garðinum. Teikn. Daniel Rhodes.

hverju leyti skortinn á mannvistarleifum. Í verbúðum var bara búið rétt yfir haust og vorver-tíðir. Algengt var að allur kostur væri tekinn með sér, mest súr og þurrmat, og þá jafnvel ekkert eldað á staðnum. Þarna var bara búið hluta úr árinu og lítið um venjulegt heimilishald.

Aldursgreining getur orðið ansi snúin þar sem lítið er að byggja á. Notast var við sömu tegund verbúða í árhundruð, hlaðnir veggir með þaki yfir úr timbri eða hvalskíðum sem var þakið torfi. Engar sögusagnir eru í byggðarlaginu um verbúð þarna þótt heimamenn hafi vitað af rústinni. Líklegast finnst mér að þetta sé verbúð frá 17. eða 18. öld. Hún er það gömul að hún virðist ekki hafa verið notuð neitt í sambandi við túngarðinn og ekki er minnst á hana í Jarðabók Árna Magnússonar, þótt talað sé um heimræði frá Hlíð.

Hún er ein þessara óþekktu verbúða sem líklegast eru víða við strendur landsins og við þekkj-um svo lítið til. Það er alltaf gleðilegt þegar tæk-íferi býðst til að rannsaka þær og bæta örlitlu við þekkingu okkar um þær.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1940. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Sjöunda bindi. Kaupmannahöfn.

Bjarni Hjálmarsson. 1952. Lýsing Tröllatungu- og Fellasókna. *Sóknarlýsingar Vestfjarða. II, Ísa-fjarðar- og Strandasýsla*. Reykjavík. 261-274.

Jarðarbréf frá 16. og 17. öld. Útdráttir. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.

Jóhann Hjaltason. 1952. *Árbók Ferðafélags Íslands MCMLII*. Reykjavík.

Landnámabók Íslands. 1948. Einar Arnórsson bjó til prentunar. Reykjavík.

Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenskir Sjávarhættir 2*. Reykjavík.

Rannsóknaskýrslur 2000

- 1 Minnimerki við Nesstofu á Seltjarnarnesi.
Guðmundur Ólafsson.
- 2 Indriðastaðir, Skorradalshreppi.
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.
Magnús A. Sigurðsson.
- 3 Bræðratunguvegur. Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur H. Jónsson.
- 4 Reykholt í Borgarfirði
Framvinduskýrsla 2000
Guðrún Sveinbjarnardóttir.
- 5 Fornleifaskráning á Miðnesheiði
Archaeological Survey of Miðnesheiði
Ragnheiður Traustadóttir.
- 6 Verbúðir á Húsahjalla
Fornleifarannsókn við Fjallahöfn á Tjörnesi
Guðmundur Ólafsson.
- 7 Fornt jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi
Rannsóknir vegna vegagerðar
Guðmundur Ólafsson.
- 8 Kollafjörður á Ströndum
Rannsókn vegna hugsanlegs vegstæðis
Magnús A. Sigurðsson.



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS